

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um toll af vínföngum með póstskipinu.* — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi herra amtmannsins 3. þ. m. hefi meðtekið álit hins setta bæjarfógeta í Reykjavík út af ágreiningi milli hans og hins setta sýslumanns í Gullbringusýslu um skilning á lögum 24. ágúst f. á. um breyting á tilskipun um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 26. febrúar 1872, 2. gr., að því er snertir greiðslu gjaldsins af vörum þeim, er flytjast til landsins með gufuskipum, en þenna ágreining hafið þjer, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi 18. f. m. eptir tilefni frá síðastnefndum embættismanni lagt undir minn úrskurð, — læt jeg yður nú hjer með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að eptir mínu áliti er ekkert því til fyrirstöðu, að tollur af áfengum drykkjum, sem flytjast hingað með póstgufuskipinu, sje greiddur á þeirri höfn, er skipið kemur fyrst á hjer á landi, þegar formaður gufuskipins eða afgreiðslumaður þess fer fram á það og vill greiða tollinn fyrir hönd þess, er við vörum tekur; en vísi formaður gufuskipins eða afgreiðandi þess til viðtakanda með skil fyrir tollgjaldinu, á samkvæmt lögum 24. ágúst f. á. að fara eptir reglunum í tilskipun 26. febr. 1872, 4. grein, og verður þá lögreglustjórinn þar, sem vörurnar eru fluttar í land, að heimta tollinn.

121
15. júlí.

— *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um toll af ölextrakti.* í þóknanlegu brjefi frá 27. f. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt frá því, að kaupmaður Fischer hjer í bænum hafi bedið sjer endurgoldna 1 kr. 50 a., er hann hefir verið krafinn um sem toll af brúsa af «ölextrakti», er tók 80 potta, og fluttist hingað með skipinu Helene Frederikke 14. f. m., með því að nefnd vara verði ekki talin öl, en sje læknismedal, einskonar síróp. Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að «ölextrakt» verði, þangað til það sannast, að það svari ekki til heitis síns, að álitast tollskyldt samkvæmt lögum 11. febr. 1876, og gjöra þau með tilliti til tollskyldunnar engan mun á því, hve sterkt ölið sje, eða, til hvers það sje haft.

122
15. júlí.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um aukakosningu til alþingis.* — Þar eð sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu hefir með brjefi 29. f. m. skýrt frá, að alþingismaður J. A. Blöndal, hafi andazt 3. s. m., og að alþingismaður E. B. Guðmundsson hafi beiðzt lausnar frá starfa sínum sem þingmaður fyrir Skagafjarðarsýslu, vil jeg hjer með skora á yður, herra amtmaður, að gjöra ráðstöfun til, að kosnir verði 2 alþingismenn fyrir nefnda sýslu fyrir það, sem eptir er af kjörtímanum, er nú stendur yfir, samkvæmt reglum þeim, sem 1. liður í ákvörðunum um stundarsakir í stjórnarskrá 5. janúar 1874, hefir inni að halda.

123
25. júlí.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um fje til jarðabóta.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og amtsráðsins fyrir vesturumdæmið skal af fje því, sem með 10. gr. C 5. fjárlaganna er ákveðið til eflingar jarðarækt og sjáfarútvegi veittur eptirnefndum piltum, er stunda jarðyrkju og búfræði við skólann á Stend í Noregi, styrkur, eins og nú segir:

124
2. ágúst

Hinn 2. október 1878.

- 124** 1. Ólafi Ólafssyni frá Lundum í Mýrasýslu 200 kr.
 2. ágúst. 2. Boga Helgasyni frá Vogu í sömu sýslu 200 —
 3. Jósepi Bjarnarsyni frá Fögrubrekku í Strandasýslu með sjerstaklegu tilliti til þess, að hann samkvæmt vottorði frá forstöðumanni skólans virðist vera mjög efnilegur, og þar sem hann er bláfátökur 400 —

Enn fremur veitast hjer með af nefndu fje 233 kr. upp í laun jarðyrkjumanns Ólafs Bjarnarsonar.

Ávisun á ofan nefndar samtals 1033 kr. fylgir hjer með.

- 125** — *Brjef landshöfðingja til biskups um þjónustu Kjalarnesþingaprestakalls.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra biskup, í brjefi frá 22. f. m. samþykkist hjer með, að löggilding prestanna á Reynivöllum og Mosfelli til þess að þjóna hinn fyrrnefndi Saurbøjarsókn og hinn síðarnefndi Brautarholtssókn verði lengd um 2 ár eða til fardaga 1880.

- 126** — *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um þóknun fyrir tilsögn í söng og organslætti.* — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í brjefi frá 16. f. m. hefi jeg af fje því sem með 15. gr. fjárlaganna um árin 1878—79 er lagt til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitt organista Jónasi Helgasyni 100 kr. þóknun fyrir tilsögn í söng og organslætti á þessu ári.

- 127** — *Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um laxveiðina í Elliðaáum.* — Eptir að þjer herra amtmaður höfðuð látið halda skóðunargjörð á þeim laxveidaáhöldum, sem eigandi laxveidarinnar í Elliðaánum, kaupmaður Thomsen, við hefir við áminnsta laxveiði, til að komast að raun um, hvort svo mikið bil væri milli rimanna í laxakistum hans, að lax, sem er 9 þumlunga gildur, gæti smogið þær, svo sem ákveðið er með 5. grein laganna 11. maí 1876, hefir Thomsen kaupmaður í brjefi frá 3. þ. m. leitazt við að sanna fyrst og fremst, að ákvarðanir í 5. grein nefndra laga ekki verði heimfærðar á laxveiðina í Elliðaánum, og þar næst að veiðiáhöldum sínum sje svo fyrirkomið, að 9 þumlunga gildur lax geti komizt gegnum þau. Þjer hafið því herra amtmaður í þóknanlegu brjefi 5. þ. m. spurt, hvort svo beri að álita, að laxveiðin í Elliðaánum heyri undir ákvarðanirnar í 5. grein fyr tjeðra laga, þar eð þjer annars kostar ekki finnið ástæðu til að skjóta því undir atkvæði dómstólanna, hvort áminnt veiðiáhöld sjeu samkvæm fyrirmælum laganna.

Af þessu tilefni læt jeg ekki dragast þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og aðgjörða, að brjef ráðgjafans frá 26. maí f. á. að eins geti um þá spurningu, hvort fyrirmæli 2. gr. laga frá 11. maí 1876, en þau virðast eptir sambandi því, er þau standa í við landsleigubálk Jónsbókar 56. kap., að eins að stefna að því að tiltaka nákvæmar þau rjettindi, er bera ýmsum mönnum, sem eiga veiði, í sömu á hvorum gagnvart öðrum, geti álitizt að ná til laxveidarinnar í Elliðaánum, sem Thomsen samkvæmt hæztarjettardómi 16. febr. 1875 er einkaeigandi að, en aptur á móti snertir áminnt brjef ekki það spursmál, hvort almennar ákvarðanir þær um friðun á laxi, er lög 11. maí 1876 innihalda, nái til nefndra áa, og ber að ætlan minni að svara því játandi.